

Tillaga til þingsályktunar

um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur.

Flm.: Ásmundur Friðriksson, Brynjar Nielsson, Elín Hirst, Vilhjálmur Árnason, Ásmundur Einar Daðason, Haraldur Benediktsson, Jón Gunnarsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Frosti Sigurjónsson, Vilhjálmur Bjarnason, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Páll Jóhann Pálsson, Þorsteinn Sæmundsson, Karl Garðarsson, Þórunn Egilsdóttir, Willum Þór Þórsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félags- og húsnæðismálaráðherra að efla virkniúrræði fyrir atvinnuleitendur og fjölgja slíkum úrræðum. Í þeirri vinnu leiti ráðherra samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Ráðherra skili tillögum fyrir 1. október 2016.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 143. löggjafarþingi (544. mál) og 144. löggjafarþingi (122. mál). Á undanförunum missirum hefur íslenskt atvinnulíf glímt við nokkurt atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Nýjar tölur benda til að atvinnuleysi sé á undanhaldi og að sjá megi fram á bjartari tíma í efnahags- og atvinnumálum hér á landi. Seint verður þó hægt að vinna bug á öllu atvinnuleysi og reynsla okkar og annarra vestrænna ríkja sýnir að ávallt verður einhver hluti atvinnufærra manna atvinnulaus á hverjum tíma. Það er því góður tími til að gera breytingar á umhverfi atvinnuleitenda og hjálpa fólki til að lifa eðlilegu lífi með þátttöku í samfélaginu. Mikilvægt er að búa atvinnuleitendum gott umhverfi þar sem þeir fá aðstoð við að finna sér nýja vinnu, fá atvinnutengda starfsendurhæfingu og virkniúrræði sem henta hverjum og einum svo að atvinnuleitendur geti á meðan á atvinnuleit stendur haldið áfram að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Það leiðir til sterkara sjálfstrausts og efls sjálfsmats sem hjálpar fólki að takast á við nýjar áskoranir í lífinu. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra efli það starf sem nú þegar er fyrir hendi fyrir atvinnuleitendur og leitist jafnframt við að koma á nýjum virkniúrræðum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins.

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld staðið fyrir margvíslegum verkefnum og virkniúrræðum fyrir atvinnuleitendur. Sérstaklega hefur verið horft til ungs fólks og reynt að virkja það með því að bjóða því upp á starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttöku í öðrum góðum verkefnum. Má í þessu skyni nefna verkefnið Ungt fólk til athafna, Atvinnutorg, sem var sérstaklega ætlað fólki yngri en 25 ára og var samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og tiltekinn sveitarfélaga og fjölsmiðjur sem eru vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–24 ára og eru starfræktar á þremur stöðum á landinu, í Kópavogi, á Akureyri og í Reykjanesbæ. Mikilvægt er að ungu fólki sé boðið upp á úrræði sem henta hverjum og einum og eru til þess fallin að auka hæfni þeirra til þátttöku á vinnumarkaði. Almennt má skipta úrræðum í námsúrræði og atvinnutengd úrræði og fer val á úrræði eftir þörfum hvers og eins. Aðrar vinnu-

markaðsaðgerðir síðustu ára eru Þor – þekking og reynsla ætlað fólki 30 ára og eldra, Nám er vinnandi vegur og ýmis úrræði á vegum Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga en þar hefur m.a. verið boðið upp á námsúrræði, sjálfbóðaliðastörf, atvinnutengda endurhæfingu, starfsþjálfun og fleira. Um þörf verkefni hefur verið að ræða sem margir hafa notið góðs af en lengi má gott bæta og flutningsmenn telja að horfa þurfi til þess í auknum mæli að atvinnuleitendum verði einnig boðið upp á að stíga inn í ýmis þörf störf sem unnin eru samfélaginu öllu til góða og þar sem lengi má bæta við góðu fólki til að gera gott starf enn betra.

Flutningsmenn tillögu þessarar horfa einkum til starfa á vegum sveitarfélaga sem tengjast samfélagslegum málefnum líkt og aðstoð við aldraða á dvalarheimilum, störf á sófnum, skólum og í umhverfismálum líkt og skógrækt, vinnu við opin svæði og fleiri verkefni þar sem alltaf má bæta við góðu fólki og tekur ekki störf frá öðrum. Þá eru ýmiss konar sjálfbóðaliðastörf fyrir frjáls félagasamtök sem vinna að góðum málum í þágu almennings. Þar má nefna aðstoð við þjálfun barna, ræstingar og aðstoð við þrif á búningum hjá íþróttafélögum og öðru æskulýðsstarfi við hæfi. Kirkjan og kirkjudeildir eru uppspretta öflugs starfs fyrir börn og fullorðna sem kallar á aðstoðarfólk og fleiri störf þar sem lengi má bæta við fólki sem vill hjálpa. Í þessu skyni er nauðsynlegt að nýttar verði lagaheimildir sem skylda atvinnuleitendur til að taka þátt í virkniúrræðum. Það verði skilyrði greiðslu úr atvinnuleysis-tryggingasjóði og framfærslu sveitarfélaga að atvinnuleitendur taki þátt í virkniúrræðum við hæfi og leggi á þau góða ástundun, enda verði settar reglur um lágmarksvinnuframlag. Rétt er að atvinnuleitendur fái nokkurn tíma, 2–4 mánuði, til að leita nýrrar vinnu áður en skylda til þátttöku í virkniúrræðum verður virk og þá er að sjálfsögðu einnig gert ráð fyrir því að á meðan á þátttöku í virkniúrræðum stendur verði atvinnuleitendur enn í leit að atvinnu við hæfi. Eðlilegt er að horft skuli til samfélagslegra mikilvægra verkefna af þessu tagi fyrir þá atvinnuleitendur sem kjósa að fara ekki í nám og þá þarf einnig að huga að réttindum þeirra meðan á starfi stendur, svo sem tryggingum og hæfilegum greiðslum, og þá er eðlilegt að fólk sem stundar vinnu í gegnum virkniúrræði sem þessi njóti desemberuppbótar á hverju ári.

Flutningsmenn telja að með þessari viðbót við þau virkni- og vinnumarkaðsúrræði sem þegar eru til staðar verði horft til þess að atvinnuleitendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu með því að vinna að góðum störfum sem þörf er fyrir.